

Lyfjamál 127

# Punglyndislyf enn og aftur

ENN VEX NOTKUN þunglyndislyfja í flokki sérhæfðra serótónín endurupptökuhemla (N06AB) og halda landsmenn enn tryggri forystu í þeim efnum meðal Norðurlandþjóða. Samkvæmt uppgjöri frá Tryggingastofnun ríkisins (TR) var ávísað 5.420.611 dagskömmtum þessara lyfja á síðasta ári, en það magn dugir 14.851 manni til meðferðar alla daga ársins. Verðmætið nemur um 880 milljónum króna.

Þetta eru kannski ekki nýjar fréttir fyrir marga, en nú er nýtt í gögnum TR að unnt er að skoða aldersdreifingu og kyn notenda og kemur þá í ljós að 321.606 dagskammtar, eða 5,7% notkunarinnar, er hjá börnum og unglingum 19 ára eða yngri. Þetta samsvarar því ársnotkun fyrir 880 börn og unglinga.


Nú eru fimm lyf í flokki N06AB á markaði hér, flúoxetín, cítalópram, paroxetín, sertralín og escítalópram. Aðeins eitt þessara lyfja, sertralín, hefur ábendingu fyrir notkun hjá börnum og unglingum, það er við þráhyggju/áráttusýki 6-17 ára. Öll hin hafa í barnaábendingu annaðhvort: *ekki ætlað börnum, ekki ráðlagt innan 18 ár*, eða: *upplýsingar um reynslu og áhrif skortir*.

Notkun sertralíns á aldursbilinu 0-19 ára var 135.858 dagskammtar sem samsvarar ársnotkun fyrir 372.


Segjum að sertralín ávísanirnar séu í lagi. Þá standa eftir 185.748 dagskammtar. Það er með öðrum

orðum hugsanlega verið að gefa 509 börnum og unglingum daglega flúoxetín, cítalópram, paroxetín og escítalópram, lyf sem alls ekki eru skráð með ábendingar fyrir börn.

Í Danmörku veldur það nú vaxandi áhyggjum að 2830 börn undir 17 ára aldri fengu þunglyndislyf á síðasta ári en Danir eru tuttugu sinnum fleiri en við. Væri notkun okkar í takt við notkun þeirra væru hér um 140 börn og unglingar í meðferð en ekki 880.



**Mynd 1.** SSRI-geðdeyfðarlyf á Norðurlöndum (N06AB).



**Mynd 2.** N06AB – Hlutfallsleg skipting á DDD eftir aldri.

Grein þessi er tekin saman af skrifstofu lyfjamála heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins til upplýsingar fyrir lesendur Læknablaðsins.

Af gefnu tilefni er grein þessi ekki skrifuð undir nafni einstaks embættismanns, því þær greinar sem birtar hafa verið á þessum vettvangi endurspeglar ekki endilega persónuleg sjónarmið viðkomandi embættismanns heldur er um að ræða stefnu ráðherra og ráðuneytis.